

AUGLÝSING

um

51
6. júní

staðfesting á breytingum á reglugjörð fyrir Íslandsbanka frá 25. nóv. 1903.

Sjerstaklegir aukafundir hluthafa í Íslandsbanka 17. septbr. og 10. des. 1921 hafa löglega samþykkt eftirfarandi breytingar á reglugjörð bankans.

1.

Við 3. gr. Í stað orðanna: „svo og á Færeyjum o. s. frv.“ til enda greinarinnar komi: „Erlendis má bankinn hafa erindrekastofur, en eigi mega þær hafa sjálfstæð bankastörf á hendi.“

2.

Við 4. gr. 1. málsg. Í stað 1. málsgreinar, sem falli burt, komi: „Hlutfje bankans, sem nú er $4\frac{1}{2}$ miljón króna, skal auka upp í 5 miljónir króna.“

3.

Við 6. gr. 3. málsgrein. Við málsgreinina bætist: „Þetta nær þó ekki til hærri hlutabryjefa en 200 kr., sbr. lög nr. 77, 27. júní 1921, 29. gr.“

4.

Við 8. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: „Með takmörkunum þeim, sem settar eru hjer á eftir, hefir bankinn rjett til 31. des. 1933 til þess eftir því, sem viðskiftaþöufin krefur, að gefa út seðla, er greiðist handhafa með gullmynt, þegar krafist er.“

Til 31. okt. 1922 fer bankinn með seðlaútgáfu í ríkinu, að undanteknum þeim $\frac{3}{4}$ miljónar, sem ríkissjóður gefur út af seðlum.

Hinn 31. okt. 1922 má bankinn ekki hafa í umferð meira en 8 miljónir króna í seðlum.

Á tímabilinu frá 31. okt. 1922 til enda leyfistímans skal bankinn draga inn seðla sína alla með 1 miljón króna árlega, þar til eftir eru $2\frac{1}{2}$ miljón króna, en þaðan af svo að sem næst jafnhá upphæð sje tekin úr viðskiftaveltu árlega til loka leyfistímans 31. des. 1933.

Stjórnarráð Íslands setur nánari reglur um innköllun seðlanna fyrir hvert ár.

Það er skilyrði fyrir seðlaútgáfurjetti bankans, að hann“.

51
6. júní

5. a.

Við 10. gr. fyrri málsgrein: Fyrri málsgrein orðist svo: Íslandsbanka er skylt að selja ríkissjóði með nafnverði það af gullforða sínum, er hann þarf eigi til tryggingar eigin seðlum sínum, og má hann því eigi láta neitt af forða þessum af hendi nema hann hafi áður boðið hann til kaups með áðurnefndu verði og ríkissjóður neitað að kaupa. Eigi má Íslandsbanki heldur á neinn annan hátt binda þennan forða þannig, að ríkissjóður geti eigi fengið hann, er hann losnar úr seðlatryggingunni.

Allur gullforði bankans skal geymdur í Reykjavík og vera háður eftirliti ríkisstjórnarinnar, samkvæmt þeim reglum, sem um það hafa gilt.

5. b.

Við 10. gr. síðari málsgrein: Orðin „þess hluta“ í síðari málsgreininni falli burt.

6.

Á eftir 12. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Íslandsbanka er heimilt að innkalla hina eldri og yngri seðla sína með þeim fresti og á þann hátt, er stjórnarráðið samþykkir.

Helmingur andvirðis þeirra hinna yngri seðla, sem eigi koma fram að lækum til innlausnar, rennur í ríkissjóð.

Nú ber svo við, að seðlar bankans tynast á þann hátt, að sannað er, hversu miklu nemur, og ríkissjóður á að bera skaðann og er það þá samningamál milli bankans og stjórnarráðsins, hversu fer um andvirði þeirra seðla.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

7.

Við 13. gr. 2. lið bætist: „út á sín eigin hlutabryjef má bankinn eigi lána.“

8.

Við 15. gr. 1. málsgrein: Eftir orðin „aðra 3“ í 1. málsg. komi: „Kjör þingkjörnu fulltrúanna skal framvegis bundið við búsetu í Reykjavík.“

9.

Við 15. gr. 2. og 3. málsg. 2. og 3. málsgrein orðist svo: „Forsætisráðherra Íslands eða sá ráðherra, sem í forföllum hans gegnir störfum hans, er sjálfkjörinn formaður í fulltrúaráðinu.“

10.

Við 15. gr. síðustu setning. Síðasta setning falli burt.

11.

Við 16. gr. Greinin orðist svo: „Þingkjörnir fulltrúar eru kosnir til 12 ára. Á hverjum reglulegum aðalfundi fer frá einn úr flokki þeirra fulltrúa, sem hluthafar kjósa. Aldursröð í ráðinu ræður því, hver frá fer. Endurkjósa má fráfarinn.“ 51
6. júní

12.

Við 18. gr. 1. setning 1. málgr. orðist svo: „Fulltrúaráðið heldur fundi sína í Reykjavík og boðar formaður þá með þeim fyrirvara, sem hann telur hæfilegan.“

13.

Við 18. gr. 2. setning 1. málgr. falli burt.

14.

Við 18. gr. Síðasta setning 1. málgr. fellur burt.

15.

Við 18. gr. Síðasta málsgrein orðist svo: „Fulltrúaráðið ákveður sjálft fundarsköp sín.“

16.

Við 22. gr. Í stað orðanna „laga 7. júní 1902“, komi: „gildandi laga um bankann.“

17.

Við 22. gr. Í stað orðanna „ráðherra Íslands“, komi: „forsætisráðherra Íslands.“

18.

Við 24. gr. Greinin orðist svo: „Störf bankans annast framkvæmdarstjórn þriggja manna. Skipar ríkisstjórn Íslands tvo bankastjórana, en fulltrúaráðið einn. Gjörir ríkisstjórnin samninga við hina fyrnefndu en fulltrúaráðið við hinn síðastnefnda, þó þannig, að fulltrúaráðið skiftir störfum milli bankastjóranna og ákveður afstöðu þeirra hvers til annars. Fulltrúaráðið getur vikið hinum fulltrúaráðskjörna bankastjóra frá samkvæmt því, er ákveðið er í samningnum við hann, ef ályktun um það er samþykkt með eigi færri en 5 atkvæðum.“

19.

Við 27. gr. 1. málgr. Aftan af málgr. falli: „Í fyrsta sinn þó“ o. s. frv.

51
6. júní

20.

Við 27. gr. 3. málsg. Orðið „aðalfundirnir“ verði: „Fundirnir“.

21.

Við 37. gr. Í stað orðanna: „ráðherra Íslands“, komi: „forsætisráðherra.“

22.

Við 37. gr. Eftir orðin: „sem að framan er greint“, komi: „eða að öðru leyti brjóta í bág við gildandi lagafyrirmæli um bankann.“

23.

Við 38. gr. 1. málsg. Aftan af málsg. falli: „en fulltrúaráðinu er o. s. frv.“

24.

Við 38. gr. Eftir 1. málsg. komi ný málsg. svohljóðandi: „Nú kemur það í ljós áður en ársreikningur er saminn, að bankinn muni bíða verulegt tjón á einhverjum skuldastað, og skal þá færa gjaldamegin á reikninginn upphæð þá, er ætla má að bankinn tapi, eða að minsta kosti svo háa, sem hægt er. Komi það síðar fram, að eigi þurfi svo mikið sem áætlað var, skal það, sem umfram verður, fært bankanum til tekna í næsta reikningi þar á eftir.“

25.

Við 38. gr. 2. málsg. Í stað „ráðherra Íslands“, komi: „forsætisráðherra“.

26.

Við 39. gr. Framan við greinina komi ný málsgrein, svohljóðandi: „Nú kemur það í ljós milli reikningsgjörðar og úrskurðunar reikningsins, að bankinn muni bíða verulegt tjón á einhverjum skuldastað, og skal þá, áður en arði fyrir hið liðna ár er skift, færa til útgjalda þá upphæð, er ætla má að bankinn tapi, eða að minsta kosti svo háa sem hægt er. Komi það síðar fram, að eigi þurfi svo mikið, sem áætlað var, skal það, sem umfram verður, fært bankanum til tekna á næsta reikningi þar á eftir.“

27.

Við 39. gr. Síðasta málsgrein (Skal þó 600000 krónur), falli burt.

28.

Við 41. gr. Í stað orðanna: „í Danmörku“, komi: „á Íslandi“.

29.

Við 43. gr. Í stað orðanna: „lögum 7. júní 1902“, komi: „gildandi lögum.“

30.

Við viðaukagrein a. Í stað orðanna: „á meðan lög 7. júní 1902 eru í gildi, vera eina stofnunin á Íslandi, er rjett hafi til að gefa út,“ komi: „samkvæmt því er gildandi lög mæla fyrir, hafa rjett til að gefa út.“ 51
6. júní

31.

Við viðaukagrein b. Í stað orðanna: „sömu hegningu . . . seðla þjóðbankans“, komi: „hegningu þeirri, sem ákveðin er í 266. gr. hegningarlaganna.“

32.

Við viðaukagrein c. Greinin orðist svo: „Bankinn skal greiða gjald í ríkissjóð eins og hjer segir:

- a. Ef seðlaútgáfan fer eigi fram úr 6 miljónum króna, greiðist það gjald, sem ákveðið er í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, en eigi annað gjald.
- b. Ef seðlaútgáfan er yfir 6 og alt að 7 miljónum kr., greiðist 2% auka-gjald af þeim hluta 7. miljónarinnar, sem er ónálmtrygður, eða af 62,5% af þeim seðlum.
- c. Ef útgáfan er yfir 7 miljónir króna, greiðast fullir forvextir bankans af því, sem fram yfir er, að svo miklu leyti, sem það er eigi málmtrygt, eða af 62,5% af þeim seðlum. Gjald það, er ræðir um í b. og c. lið, telst eftir seðlum, sem í umferð eru í lok hvers mánaðar, og greiðist gjaldið í ríkissjóð í hvers mánaðar lok.

Að öðru leyti má aldrei íþyngja Íslandsbanka með nokkru gjaldi eða skatti öðrum en þeim, sem framan er getið, meðan hann hefir seðlaútgáfu-rjett samkvæmt núgildandi lögum.

33.

Þegar breytingar þessar á hinni upphaflegu reglugjörð bankans, nr. 48, 25. nóv. 1903 og síðari viðaukum hafa hlotið staðfestingu stjórnarráðs-ins, skal fella þær og eldri gildandi breytingar inn í upphaflegu reglugjörð-ina og gefa síðan reglugjörðina, þannig breytta, út í einu lagi.

34.

Við reglugjörðina bætist svohljóðandi:

Bráðabirgðaákvæði.

Meðan lög nr. 16, 18. maí 1920 eru í gildi, skal bankinn, með samþykki bankastjórnarinnar, leystur undan þeirri skyldu, að greiða handhafa seðla bankans með gullmynt, samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, 4. gr. gegn því, að hann afhendi ríkisstjórninni allan málmforða sinn, sbr. sömu lög, 5. gr. a. og b., til ráðstöfunar, enda taki ríkisstjórnin, fyrir ríkissjóðs

51 hönd, jafnframt að sjer ábyrgð á greiðslu jafnmikillar upphæðar af seðlum
6. júní bankans, sem málmforðanum nemur.

Um leið og ráðstöfuninni um óinnleysanleik seðlanna verður af ljett, afhendir ríkisstjórnin bankanum aftur gullforðann.

Framanskráðar reglugjörðarbreytingar staðfestast hjermeð samkvæmt lögum 10. nóv. 1905 og 35. gr. í reglugjörð bankans, staðf. 25. nóv. 1903.

Þetta gjörist hjermeð almenningi kunnugt.

Í fjármálaráðuneytinu, 6. júní 1923.

Kl. Jónsson.

Gísli Ísleifsson.

52
6. júní

REGLUGJÖRÐ

fyrir

Íslandsbanka, 25. nóv. 1903, með áorðnum breytingum 5. júlí 1906,
30. jan. 1909, 2. okt. 1914 og 6. júní 1923.

I. kap.

Tilgangur bankans og heimili.

1. gr.

Nafn bankans er „Íslandsbanki“.

2. gr.

Það er tilgangur bankans að efla og greiða fyrir framförum Íslands í verslun, búnaði, fiskiveiðum og iðnaði, og yfirhöfuð að bæta úr peningahögum landsins, svo sem lög 18. september 1885 hafa að augnamiði.

3. gr.

Heimili bankans og varnarþing er í Reykjavík; þar er og aðalskrifstofa hans. Hann skal hafa útibú í hinum stærri kaupþúnum Íslands, einkum á